

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1981  
komudagur 6.5.2010



Alþingi – nefndarsvið,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. maí 2010.

**Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis). – 506. mál.**

Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið nefnt frumvarp til umsagnar. Samtökin telja frumvarpið, ef af lögum verður, verði til þess að fallið að hvetja eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis til þess að ráðast í endurbætur og viðhald á eignum sínum. Að mati samtakanna er hér um jákvæða aðgerð að ræða sem líkur eru á að hafi jákvæð áhrif á byggingagreininna sem er sú atvinnugrein sem hvað harðast hefur farið út úr efnahagsþrengingunum. Aukin umsvif í byggingagreininni eru augljóslega til þess fallin að bæta erfiða stöðu hinna fjölmörgu verslunar- og þjónustufyrirtækja sem þjóna byggingafyrirtækjunum. Þau fyrirtæki hafa ekki síður orðið fyrir skakkaföllum en byggingafyrirtækin sjálf.

Það er út af fyrir sig alltaf álitamál við hvaða upphæðir á að miða við stuðningsaðgerðir sem þessar. Að mati samtakanna væri vert að skoða vel hvort ekki mætti hækka hámarksupphæðina sem frádrátturinn getur numið. Því er beint til nefndarinnar að skoða vel þann möguleika að hækka upphæðina í kr. 300.000 hjá manni og kr. 450.000 hjá hjónum eða sambúðarfólki.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu máli.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVP

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.